

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð á Grímsstöðum í Þingeyjarsveit - fyrri áfangi.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2025/9



Forsíðumynd: Horft frá gámasvæði á Grímsstöðum, mynd er tekin í suð-austur.



©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2025/9

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	6
HEIMILDASKRÁ.....	7

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð. Framkvæmdasvæði Rariks er á Grímsstöðum í gamla Skútustaðahreppi, frá rafmagnskassa sem stendur skammt norðan við bílaplanið við húsið á Grímsstöðum 1 og liggur í vestur að mestu í túni og vestan við þjóðveginn í órækt að gámasvæði. Áformað er að leggja strenginn haustið 2025.

Skráningin fór eftir uppmælingargögnum sem Rarik útvegaði. Til var eldri fornleifaskráning af svæðinu sem þarfnáðist uppfærslu. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram um miðjan október 2025.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 3516.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Meginmarkmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem beri ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁵

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁶

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, örnefnaskrár, niðurrhalsgögn frá Landmælingum Íslands og túnakort frá Þjóðskjalasafni Íslands. Til var eldri fornleifaskýrsla af svæðinu sem þarfnaðist uppfærslu miðað við núverandi staðla.⁷ Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskönnun þar sem framkvæmdasvæðið var skoðað. Minjar sem fundust á vettvangi voru mældar upp með Trimble GPS tæki, ljósmyndaðar og mældar. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með gervihnattamynd frá kortavefsjá Landmælinga Íslands.

4. Fornleifaskráning

Fornleifanúmer: 3516-01

Hnit: A593398.9 N574319.7 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Samkvæmt heimildarmanni þá var gamla bæjarstæðið austan við núverandi hús á Grímsstöðum 1⁸ Það eru sömu upplýsingar og eru í fornleifaskráningunni frá árinu 2000 en þar segir að síðustu leifar bæjarins hafi verið sléttaðar út um 1997.⁹ Í dag er þarna einungis steinsteypt íbúðarhús og grasflöt fyrir austan húsið og bílplan fyrir norðan.

Fornleifanúmer: 3516-02

Hnit: A593389.2 N574353.5 ISN93

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Grímsstaða segir: „[...] og rétt norðan við bæ er fjóshlaða.“¹⁰ Á túnakortinu var útihús um 20 m norður af íbúðarhúsinu á Grímsstöðum 1 eða fast austan við heimreið sem liggur að húsinu á lóðinni Lindarhús.¹¹ Ekki sjást lengur nein ummerki um húsið staðnum en það var staðsett eftir loftmynd frá árinu 1974 af Loftmyndasjá Landmælinga Íslands en þar mátti sjá einhverja þúst á þessum slóðum.¹²

⁶ Heimasíða Minjastofnunnar.

⁷ Birna et al. bls. 104-124.

⁸ Kjartan Þór Sigurðsson, munnleg heimild.

⁹ Birna et al. bls. 105.

¹⁰ Örnefnaskrá Grímsstaða, bls. 2.

¹¹ HMS - Vefsja landeigna.

¹² Landmælingar Íslands - Loftmyndasjá 1974.

Fornleifanúmer: 3516-02

Hnit: A593374.6 N574307.5 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var útihús í kringum 10 m suðvestur af íbúðarhúsinu á Grímsstöðum 1, engin ummerki sáust um það á staðnum.



- Heimildir um fornleifar
- Heimildir um fornleifar af túnakorti
- Rafmagnsstrengur

nafn:	GRÍMSSTAÐIR	teikn.	06.11.2025 hj	Skýringar:	Heimildir um fornleifar innan framkvæmdasvæðis Raríks á Grímsstöðum í Þingeyjarsveit.	BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
	ÞINGEYJARSVEIT	mælikv.	1:3000 í A4			Unnið eftir mynd nr. Myndþekja Ísland frá Landmælingar Íslands.

5. Samantekt

Í þessu verkefni var lagt upp með það að forðast sem flesta minjastaði og á þessari leið voru einungis þrír minjastaðir skráðir og allir sem heimildir.

Aðrir staðir eru fyrir utan 15 m friðhelgissvæði minja. Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að ekki hafi fundist fleiri minjastaðir á framkvæmdasvæðinu þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 7 nóvember 2025

Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (2002). Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV: Fornleifar við norðan- og austanvert Mývatn, milli Grímsstaða og Kálfastrandar auk afréttarlanda. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða HMS, Landeignaskrá. Sótt af <https://landeignaskra.hms.is/> Skoðaða 06.11.2025.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Landmælingar Íslands. Loftmyndasjá. Sótt af <https://atlas.lmi.is/mapview/?application=loftmyndasja> Skoðað 07.11.2025.

Túnakort:

Uppdráttur af túni á Grímsstöðum í Skútustaðahreppi í S.-Þingeyjarsýslu. Mælt 7/9. Pétur Jónsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar 1919. Akureyri.

Örnefnaskrár:

Grímsstaðir. Skútustaðahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Ari Gíslason skráði.

Heimildarmenn:

Kjartan þór Sigurðsson, 1944, Grímsstaðir 2a Þingeyjarsveit.